

HVAÐ ER ÞETTA?
REIKNINGUR?! ÉG
HÉLT AÐ ÞÚ VÆRIR
LISTAMAÐUR.





DRÖG AÐ SAMNINGI UM FRAMLAG LISTAMANNA TIL SÝNINGA

Kynning fyrir Bæjarráð Hafnarfjarðar, 11. ágúst, 2016

Jóna Hlíf Halldórsdóttir, formaður SÍM

Menningarstefna Reykjavíkurborgar

AUÐLIND - UNDIRSTAÐA FRAMTÍÐAR

1. Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki sem höfuðborg Íslands og ræktar menningarlega sjálfsmynd sína.
2. Menning hefur gildi í sjálfri sér og því er skapað svigrúm í borginni fyrir óvænta þróun og kraftmikinn vöxt á sviði menningar og lista.
3. Skapandi greinar eru hluti af grunnþáttum efnahags- og atvinnulífs borgarinnar.

Aðgerðaráætlun frá 2014:

Verklagsreglur fyrir menningarstofnanir Reykjavíkurborgar mótaðar í samvinnu forstöðumenn þeirra og Bandalags íslenskra listamanna sem miða að því að réttur listamanna til launa fyrir vinnuframlag sitt sé virtur og höfundaréttur þeirra hafður í hávegum.

drög að Myndlistarstefnu

Áhersluverkefni:

- Kortleggja fjárstreymi í opinberum stuðningi við myndlist (starfslaun, heiðurslaun, listrannsóknir, söfn, Listskreytingasjóður, Myndlistarsjóður, KÍM, Íslandsstofa, sendiráð). Ræða leiðir til þess að efla fjárstuðning hins opinbera og einkaaðila við myndlist.
- Auka kaup hins opinbera á myndlist.
- Ræða við stjórnvöld um möguleika á skattaafslætti vegna listaverkakaupa og stuðnings við menningarstarf.
- Stuðla að heilbrigðum myndlistarmarkaði og því að myndlist verði raunhæfur valkostur fyrir fjárfesta.
- **Tryggja sýningarþóknun til myndlistarmanna.**


KÖNNUN

Samband íslenskra myndlistarmanna, SÍM, stóð að könnun á högum félagsmanna sinna árið 2014. Í könnuninni voru lagðar fyrir ýmsar spurningar sem tóku mið af stöðu félagsmanna árið 2013.


Könnunin tók til fullgildra félagsmanna SÍM og svöruðu 234 könnuninni. Sambærileg könnun var gerð árið 1995 um stöðu myndlistarmanna í SÍM og var tekið mið af stöðu félagsmanna árið 1993.

Helstu niðurstöður, og það sem vakti athygli, fyrri könnunar var bágborin lífsafkoma listamanna og sú staðreynd að menntun virtist ekki tryggja tekjur listamanna. Ennfremur var vakin athygli á litlum stuðningi við listamenn í formi fjárstyrkja og starfslauna. Nú, tuttugu árum síðar, hafa aðstæður lítið sem ekkert breyst.


Hvert er kyn þitt?




Gráður




Telur þú tekjur þínar hafa verið undir lágmarkslaunum eða ekki?
Árið 2013 voru lágmarkslaun á Íslandi 204.000 á mánuði




Hvernig var starfi þínu háttað 2013?



Hefur þú hlotið starfslaun á síðastliðnum tveimur árum?



Áætlaðar heildartekjur fyrir seld myndlistarverk árið 2013



DRÖG AÐ FRAMLAGSSAMNINGI

SAMNINGUR UM FRAMLAG LISTAMANNA TIL SÝNINGA

Að frumkvæði Sambands íslenskra myndlistarmanna var í ársbyrjun 2015 myndaður starfshópur með fulltingi Listasafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur, Hafnarborgar, Listasafns Árnesinga, Listasafns Akureyrar og Nýlistasafnsins.

Starfshópnum var ætlað að móta tillögur að framlagssamningi fyrir listamenn sem sýna í opinberum listasöfnum á Íslandi. Starfshópnum var einnig ætlað að skilgreina ábyrgð ríkis og sveitarfélaga í lögum gagnvart rekstri safna sem eru í opinberri eigu eða njóta styrkja frá hinu opinbera.

UM SKIPUN OG STÖRF STARFSHÓPSINS

- Fjórir fulltrúar störfuðu í starfshópnum ásamt verkefnisstjóra.
- Samband íslenskra myndlistarmanna tilnefndi Ilmi Stefánsdóttur og Úlf Grönvold myndlistarmenn, og listasöfnin tilnefndu Þorgerði Ólafsdóttur safnstjóra Nýlistasafnsins og Kristínu Scheving deildarstjóra Vasulkastofu. Verkefnisstjóri starfshópsins var Ásdís Spanó.
- Óskað var eftir því við mennta- og menningarmálaráðherra og við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að skipa sitt hvorn fulltrúann í starfshópinn, sem höfnuðu boðinu.
- Þátttakendur í starfshópnum fengu greitt fyrir störf sín.
- Í maí 2015 tók Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, við af Kristínu Scheving sem annar fulltrúi listasafnanna.

EFTIRFARANDI AÐILAR KOMU AÐ YFIRLESTRI SAMNINGSINS

Gísli Guðni Hall, Hæstaréttarlögmaður.

Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, lögfræðilegur ráðgjafi Myndstefs.

Kolbrún Halldórsdóttir, forseti BÍL.

Mörður Árnason, íslenskufraeðingur.

Þorgerður Ólafsdóttir, safnstjóri Nýlistasafnsins.

Ilmur Stefánsdóttir, myndlistarmaður.

Úlfur Grönvold, myndlistarmaður.

Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafn Íslands.

Ásdís Spanó, myndlistarmaður.

RAMMASAMNINGUR

Samningurinn skal vera grundvöllur að samningi listamanna við öll söfn á Íslandi.

Samningsaðilar;

- Samband íslenskra myndlistarmanna
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Reykjavíkurborg
- Opinber söfn á Íslandi, þau sem njóta fastra fjárveitinga eða langtímafjárveitinga til a.m.k. þriggja ára.

HUGTÖK OG SKILGREININGAR

- **Listamaður:** Myndlistarmaður sem tekur þátt í listsýningu.
- **Sýningarhaldari:** Ríkið, Reykjavíkurborg og opinber söfn á Íslandi sem njóta fastra fjárveitinga eða langtímafjárveitingar til a.m.k. þriggja ára og njóta viðurkenningar skv. 10. gr. safnalaga nr. 141/2011.
- **Samtökin:** Samband íslenskra myndlistarmanna.
- **Farandsýning:** Sýning sem sýnd er á fleiri en einum stað, eða: Uppsett sýning sem seld er, leigð eða lánuð öðrum sýningarhaldara.
- **Framlag listamanns:** Sú vinna og þjónusta sem liggur að baki sýningu af hálfu myndlistarmanns, bæði listræn störf við gerð verkanna og vinnuframlag við undirbúning og uppsetningu sýningarinnar.
- **Þóknun:** Greiðsla fyrir sýningu á verki/verkum eftir listamann og í eigu hans á opinberum söfnum í ákveðinn tíma.
- **Greiðsla fyrir vinnuframlag:** Laun fyrir faglega þjónustu sem listamaður veitir sýningarhaldara með ráðgjöf og vinnu við undirbúning, uppsetningu o.fl., fyrir sýningu, á meðan á sýningu stendur, og eftir að henni lýkur.

1. Grein . Tilgangur og efni samnings

Markmið með samningnum sem er *rammasamningur* er að koma á skýru verklagi við listsýningar og kveða á um réttindi og skyldur sýningarhaldara og listamanns í tengslum við þær.

Kveðið er á um;

- Gildissvið.
- Form samningaviðræðna og innihald ***sjálfstæðs samnings*** milli sýningarhaldara og listamanns.
- ***Póknun*** hérlendis og/eða erlendis.
- Samstarf
- Eftirfylgni
- Ráðstafanir við vanefndir
- Úrlausn ágreiningsmála.

2. grein. Gildissvið samningsins

- Gildir um myndlistarsýningar, opnar almenningi.
- Undanskildar samningnum eru sýningar á listaverkum myndlistarnema.
- Samningurinn gildir ekki um sýningar á listaverkum eftir látna menn.
- Samningurinn gildir ekki um sýningar á listaverkum sem eru í eigu sýningarhaldara.

3. grein. Samningsgerð

- Samningurinn skal lagður til grundvallar ***sjálfstæðum samningum*** sem sýningarhaldari og listamaður skulu gera.
- Hægt er að gera samning við hóp eða einstakling.
- Stofnunin sem heldur sýninguna ber ábyrgð á því að gera skriflegan samning við listamanninn ef um farandsýningar er að ræða.
- ***Gerður skal sjálfstæður samningur um hverja sýningu. Skal hann að lágmarki uppfylla þær kröfur sem settar eru í þessum samningi.***

4. grein. Inntak sjálfstæðs samnings.

- a. Lýsingu á sýningu með upplýsingum um sýningartíma, stað/staði, ábyrgan sýningarhaldara, listamanninn eða listamennina sem sýna, skilafrest listaverka og skrá um þau.
- a. Kostnað sem sprettur af sýningu, til dæmis kostnað við sendingar, tryggingar, ferðalög, tæknibúnað og fleira þess háttar.
- b. Ákvæði um **fjárhæð þóknunar** og gjalddaga. Þóknun skal vera í samræmi við framlagsgjaldskrá SÍM (sjá 5. gr.)
- c. Aðrar greiðslur vegna sýningarverkefnisins, svo sem **greiðslu fyrir vinnuframlag**.
- d. Þá sýningarhaldara sem sýninguna halda ef um farandsýningu er að ræða.

4. grein. Inntak sjálfstæðs samnings.

Vanræki sýningarhaldari að gera sjálfstæðan samning í samræmi við ákvæði samnings þessa getur listamaður beint kvörtun þar um til **samstarfsnefndar**, sbr. 7. grein.

Samstarfsnefnd skal beina tilmælum til sýningarhaldara um að bæta úr og leita sátta með aðilum eins og unnt er.

5. grein. Þóknun.

- Í **framlagsgjaldskrá SÍM**, sem er fylgiskjal með samningi þessum og telst vera hluti hans, er kveðið á um þóknun til listamanns þegar sýningarhaldari sýnir almenningi listaverk eftir hann og í eigu hans.
- Jafnframt eru þar ákvæði um **greiðslu fyrir vinnuframlag**.
- Í gjaldskránni er kveðið á um **lágmarkspóknun** og er sýningarhaldara óheimilt að semja um lægri þóknun en í gjaldskránni greinir.
- Óheimilt er að semja um að ekki skuli greidd þóknun og óheimilt er að umbreyta þóknun í greiðslu fyrir vinnuframlag eða kostnað hans í tengslum við sýninguna.
- Fjárhæð þóknunar fyrir hverja sýningu ræðst af tölfræðilegu yfirliti um **fjölda gesta** á næstliðnu starfsári og af **lengd sýningartíma**.

6. grein. Varðveisla og ábyrgð á listaverkum.

- Sýningarhaldari sem hefur fengið listaverk til varðveislu, þ.m.t. til sýningarhalds, ber ábyrgð á varðveislu þess.
- Sé listaverki stolið eða það skemmist af einhverjum ástæðum ber sýningarhaldara að bæta listamanni það að fullu eða greiða fyrir endurgerð listaverksins sé þess kostur.
- Verðmæti listaverksins skal miðast við markaðsverð, en skal þó ekki undir neinum kringumstæðum metið minna en það sem sanngjarnt má telja með hliðsjón af hæfilegri vinnu listamannsins við gerð þess.

7. grein. Samstarfsnefnd um eftirfylgni.

- Á vegum samningsaðila starfar samstarfsnefnd til þess að fylgja því eftir að ákvæðum samnings þessa sé hrint í framkvæmd og fylgjast með því hvernig þeim er beitt. Nefndin skal einnig sinna ágreiningsmálum sem kann að verða vísað til hennar.
- Fimm fulltrúar sitja í samstarfsnefndinni;
 - Samtökin tilnefna einn fulltrúa,
 - mennta- og menningarmálaráðherra einn,
 - Reykjavíkurborg einn,
 - opinber söfn einn.
 - Svo velja samningsaðilar í sameiningu fimmta fulltrúann og skal hann vera formaður nefndarinnar.

8. grein. Vanefndir.

Um vanefndir og úrræði vegna vanefnda gilda almennar reglur. Sýningarhaldari getur haldið eftir greiðslum vegna vanefnda listamanns, eða rift sjálfstæðum samningi ef vanefndir verða verulegar eða forsendur bresta.

9. grein. Gildistími samnings, uppsagnarákvæði og endurskoðun.

- Samningur þessi gildir frá og með undirritun og er ótímabundinn.
- Hver samningsaðili hefur rétt til að segja samningnum upp fyrir sitt leyti með sex mánaða fyrirvara og skal uppsögn miðast við næstkomandi áramót. Uppsögn skal vera skrifleg.

10. gr. Úrlausn ágreiningsmála.

- Ágreiningsmál vegna samnings þessa má reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ákvæði til bráðabirgða.

- Þar sem samningur þessi felur í sér nýmæli í viðskiptum aðila skal hver þeirra um sig tilnefna fulltrúa í nefnd til að endurskoða samninginn lið fyrir lið. Nefndin skal innan þriggja ára frá undirritun samningsins leggja fram breytingartillögur eftir því sem hún telur tilefni til. Um hvers kyns breytingar á samningnum gilda ofangreind ákvæði um uppsagnarfrest, enda verði aðilar ekki sammála um annað.

Gert er ráð fyrir að samningurinn sé undirritaður 6. apríl 2016

FRAMLAGSGJALDSKRÁ
GJALDSKRÁ SAMKVÆMT FRAMLAGSSAMNINGNUM

ÞÓKNUN

- Þóknun fyrir sýningu byggist á listrænni vinnu listamanns við gerð sýningarinnar.
- Útreikningur þóknunar vegna sýningar skal byggjast á þeirri framlagsgjaldskrá sem er í gildi á meðan sýningin stendur yfir.
- Í gjaldskránni eru tilgreindar lágmarksfjárhæðir.
- Í gjaldskránni er sýningarhöldurum skipt í **þrjá flokka** á grundvelli framlagðra upplýsinga þeirra um *fjölda gesta*.
 - Í gjaldskránni er ekki tekið tillit til umfangs sýningar, fjölda verka eða þess um hvernig list er að ræða.
 - **Aðaláhersla er lögð á það hversu lengi sýningin er opin almenningi og miðast þóknun við vikufjölda.**

1. grein. Sjálfstæður samningur um vinnu listamannsins.

Í gjaldskrá þessari er kveðið á um **póknun** fyrir *framlag listamanns* til sýningar og um **greiðslu** fyrir *vinnuframlag* við sýninguna sjálfa.

Fram þarf að koma í sjálfstæða samningnum undir hvaða **gjaldskrárflokk** sýning fellur og geta um nákvæman **sýningartíma**.

2. grein. Þóknun.

Þóknun fyrir þátttöku listamanns á sýningu er *verktakagreiðsla* fyrir listræna vinnu, ekki greiðsla fyrir unnið verk sem kallar á launatengd gjöld af hálfu sýningarhaldara.

3. grein. Lágmarksfjárhæð.

Lágmarksfjárhæð þóknunar á hvern listamann er óháð gjaldskrárflokki og óháð lengd sýningar ef hún er styttri en 4 vikur.

Lágmarksfjárhæð

Einkasýning
80.000 kr.

Samsýning, 2–3 þátttakendur
listamann

Samsýning, fleiri en 3 þátttakendur

-

- 48.000 kr. á hvern

- 32.000 kr. á hvern listamann

4. grein. Farandsýning.

Greidd er þóknun fyrir hverja uppsetningu farandsýningar um sig og ræðst fjárhæðin af því hvaða sýningarhaldari stendur að sýningunni hverju sinni.

5. grein. Skipting þóknunar fyrir samsýningu.

Sýningarhaldarar umfangsmikilla samsýninga skulu hafa í huga að í þessari gjaldskrá eru tilgreindar *lágmarksfjárhæðir*.

Sé um að ræða verulega stórar samsýningar, þannig að aðeins er hægt að ábyrgjast lágmarksfjárhæðir samkvæmt lið 3 ber að taka tillit til listamanns eða listamanna sem hafa umtalsvert meiri sýningarrými en aðrir þátttakendur, þannig að hægt sé að greiða viðkomandi hærri þóknun en lágmarksfjárhæð segir til um.

6. grein. Sýningarhaldarar sem starfrækja útibú.

Starfræki sýningarhaldari varanlegt útibú á öðru heimilisfangi er hvert heimilisfang metið sem sjálfstæður sýningarskáli.

7. grein. Flokkun sýningarhaldara.

1. FLOKKUR: STÆRRI SÖFN, SÝSLUSÖFN, STÆRRI SÝNINGARSKÁLAR OG MENNINGARHÚS.

Söfn og sýningarskólar með 50 til 100 þúsund gesti árlega. – Söfn með meira en 100 þúsund gesti árlega en starfsemi snýst ekki einkum um sýningar á myndlist og listið. – Menningarhús með yfir 100.000 gesti árlega.

2. FLOKKUR: MINNI SÖFN OG MEÐALSTÓRIR SÝNINGARSKÁLAR.

Söfn í bæjum, sveitarfélögum og sýslum með 10 til 50 þúsund gesti árlega, óháð því hvort helsta starfsemi stofnunarinnar felst í listsýningum. – Sýningarskólar á vegum sveitarfélaga eða einkaaðila með 10 til 50 þúsund gesti árlega.

3. FLOKKUR: LITLIR SÝNINGARSKÁLAR OG SÝNINGARSALIR ÁSAMT EINKASÖLUM.

Sýningarsalir með færri en 10 þúsund gesti árlega. – Smærri söfn, umfangsminni sýningar þar sem listaverkin eru einn þáttur af mörgum í sama rými, t.d. listaverk á bæjarbókasafni, í ráðhúsi o.s.frv. – Einkasalir eða starfsemi á vegum listamanna með færri en 10 þúsund gesti árlega.

Póknun

Einkasýning

Samsýning, 2–3 þátttakendur

Hópsýning, 4–8 þátttakendur

Hópsýning, 9 þátttakendur eða fleiri

- 16.000 / 32.000 / 48.000 kr. á viku
- 1,5-föld fjárhæð fyrir einkasýningu
- tvöföld fjárhæð fyrir einkasýningu
- 2,5-föld fjárhæðar fyrir einkasýningu

1. FLOKKUR: STÆRRI SÖFN, SÝSLUSÖFN, STÆRRI SÝNINGARSKÁLAR OG MENNINGARHÚS

Söfn og sýningarskálar með 50 til 100 þúsund gesti árlega. – Söfn með meira en 100 þúsund gesti árlega en starfsemin snýst ekki einkum um sýningar á myndlist og listið. – Menningarhús með yfir 100.000 gesti árlega.

Þóknun

Einkasýning	48.000 kr. á viku
Samsýning, 2–3 þátttakendur	1,5-föld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 4–8 þátttakendur	tvöföld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 9 þátttakendur eða fleiri	2,5-föld fjárhæðar fyrir einkasýningu

<i>Dæmi</i>	<i>4 vikur</i>	<i>6 vikur</i>	<i>8 vikur</i>	<i>12 vikur</i>
Einkasýning	192.000	288.000	384.000	576.000
Samsýning, 2–3 þátttakendur	288.000	432.000	576.000	864.000
Hópsýning, 4–8 þátttakendur	384.000	576.000	768.000	1.152.000
Hópsýning, 9 þátttakendur e.fl.	480.000	720.000	960.000	1.1440.000

2. FLOKKUR: MINNI SÖFN OG MEÐALSTÓRIR SÝNINGARSKÁLAR

Söfn í bæjum, sveitarfélögum og sýslum með 10 til 50 þúsund gesti árlega, óháð því hvort helsta starfsemi stofnunarinnar felst í listsýningum. – Sýningarskálar á vegum sveitarfélaga eða einkaaðila með 10 til 50 þúsund gesti árlega.

Þóknun

Einkasýning	32.000 kr. á viku
Samsýning, 2–3 þátttakendur	1,5-föld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 4–8 þátttakendur	tvöföld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 9 þátttakendur eða fleiri	2,5-föld fjárhæð fyrir einkasýningu

<i>Dæmi</i>	<i>4 vikur</i>	<i>6 vikur</i>	<i>8 vikur</i>	<i>12 vikur</i>
Einkasýning	128.000	192.000	256.000	384.000
Samsýning, 2–3 þátttakendur	192.000	288.000	384.000	576.000
Hópsýning, 4–8 þátttakendur	256.000	384.000	512.000	768.000
Hópsýning, 9 þátttakendur e.fl.	320.000	480.000	640.000	960.000

3. FLOKKUR; LITLIR SÝNINGARSKÁLAR OG SÝNINGARSALIR ÁSAMT EINKASÖLUM

Sýningarsalir með færri en 10 þúsund gesti árlega. – Smærri söfn, umfangsminni sýningar þar sem listaverkin eru einn þáttur af mörgum í sama rými, t.d. listaverk á bæjarbókasafni, í ráðhúsi o.s.frv. – Einkasalir eða starfsemi á vegum listamanna með færri en 10 þúsund gesti árlega.

Þóknun

Einkasýning	16.000 kr. á viku
Samsýning, 2–3 þátttakendur	1,5-föld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 4–8 þátttakendur	tvöföld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 9 þátttakendur eða fleiri	2,5-föld fjárhæðar fyrir einkasýningu

<i>Dæmi</i>	<i>4 vikur</i>	<i>6 vikur</i>	<i>8 vikur</i>	<i>12 vikur</i>
Einkasýning	80.000*	96.000	128.000	192.000
Samsýning 2–3 þátttakendur	96.000	144.000	192.000	288.000
Hópsýning 4–8 þátttakendur	128.000	192.000	256.000	384.000
Hópsýning, 9 þátttakendur e.fl.	160.000	240.000	320.000	480.000

* Reglan um lágmarksþóknun leiðir til hærri fjárhæða fyrir styttri sýningar í 3. flokki en útreikningur gerir ráð

8. grein. Gjaldskrá um vinnuframlag listamanns.

Listamönnum eru greiddar verktakagreiðslur fyrir vinnuframlag sem þeir veita sýningarhaldara á meðan á sýningu stendur eða á öðrum tíma ef sýningarhaldari óskar þess.

- Hönnun og yfirstjórn sýningar
- Ráðgjöf
- Uppsetning sýningar
- Fyrirlestur / kynning
- Leiðsögn

*Lágmarksútkall er 4 klukkustundir.

Samningsatriði ef um er að ræða 3 daga eða fleiri

Þurfi listamaður að dveljast fjarri heimili yfir nótt greiðist 50% álag.

Þjónusta	Gjaldskrá fyrir vinnuframlag listamanns	
	Greiðsla á klukkustund (1 klst.)	Almennt gjald (Heildargreiðsla)
Hönnun og yfirstjórn sýningar	6.500 ISK*	Samningsatriði ef um er að ræða 3 daga eða fleiri
Ráðgjöf	6.500 ISK*	Samningsatriði ef um er að ræða 3 daga eða fleiri
Uppsetning sýningar	6.500 ISK*	Samningsatriði ef um er að ræða 3 daga eða fleiri
Fyrirlestur / kynning		35.000 ISK
Leiðsögn		24.000 ISK* – 30% álag ef leiðsögnin fer fram á öðru tungumáli en móðurmáli listamannsins


*Lágmarksútkall er 4 klukkustundir.

Þurfi listamaður að dveljast fjarri heimili yfir nótt greiðist 50% álag.


ÓSKILGREINDAR GREIÐSLUR TIL LISTAMANNA 2015

Listasafn Íslands		626.000kr
Listasafn Reykjavíkur		1.670.000
Listasafnið á Akureyri		1.220.750
Listasafn Árnesinga		490.000
Listasafn Reykjanesbæjar	0	
Listasafn ASÍ		0
Nýlistasafnið		750.000
Gerðarsafn		
Hafnarborg		

ÞÓKNUN FYRIR SÝND VERK SAMKVÆMT FRAMLAGSGJALDSKRÁ



GREIÐSLA FYRIR VINNUFRAMLAG SAMKVÆMT FRAMLAGSGJALDSKRÁ



GREINING VERKÞÁTTA

Starf SÍM og forsvarsmanna safna við að innleiða framlagssamninginn verði unnið í þessum áföngum:

Áfangi 1

- Fundur með sambandsráði SÍM, framlagssamningurinn kynntur og samþykktur.
- Starfs starfshópsins kynnt á almennum félagsfundi SÍM. Fyrir þeim fundi liggja formleg tillaga þar sem stjórn SÍM er falið að vinna áfram að innleiðingu framlagssamningsins eftir tillögu starfshópsins.
- Leitað formlegra viðræðna við stjórnvöld um framkvæmd tillögunnar og þeim kynnt drögin að framlagssamningnum. Í þeim viðræðum er gerð grein fyrir því aukna fjármagni sem veita þarf söfnum og menningarstofnunum sem sýna verk listamanna til þess að gera þeim kleift að greiða listamönnum þóknun fyrir sýnd verk.
- Framlagssamningurinn undirritaður þann 6. apríl 2016.

GREINING VERKÞÁTTA

Áfangi 2

- Leitað formlegra viðræðna við helstu sveitarfélög sem reka söfn sem samkvæmt framlagssamningnum þurfa að greiða þóknun fyrir sýnd verk, sbr. 1. grein í drögum að framlagsgjaldskrá.
- Í framhaldi af fundi með ráðherra er leitað eftir fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem kannað verður hvernig Sambandið telur skynsamlegt að vinna að innleiðingu framlagssamningsins á vettvangi sveitarfélaganna.
- Loks verður leitað eftir formlegum viðræðum við helstu sveitarfélög sem eiga og reka listasöfn.
- Söfn og menningarstofnanir endurskoða rekstur sinn og athuga hvernig þau geta innleitt framlagssamninginn á tveggja ára tímabili. Hvert safn útbýr samningsform til að miða við í einstaklingssamningum sem byggt er á framlagssamningnum.

GREINING VERKÞÁTTA

Áfangi 3

- Mennta- og menningarmálaráðherra óskar að öllum líkindum eftir faglegri ráðgjöf Myndlistarráðs um tillögu starfshópsins.
- Aukið fé veitt í fjárlögum fyrir árið 2017 til safna og menningarstofnana á grundvelli framlagðra gagna frá söfnunum um fjölda sýninga árið 2015.

Áfangi 4

- Söfn og menningarstofnanir hefja greiðslu þóknunar til listamanna sem sýna verk sín í opinberum söfnum eða öðrum menningarstofnunum.

ÁRSSKÝRSLUR 2014

Listasöfn

Listasafn Reykjavíkur
Listasafnið á Akureyri
Gerðarsafn
Listasafn Árnesinga
Listasafn Reykjanesbæ
Listasafn ASÍ
Nýlistasafnið

Tekjur

- Framlag frá ríki.
- Framlag frá borg eða sveitarfélagi.
- Safnasjóður.
- Myndlistasjóður.
- Styrkir.
- Aðgangseyri.
- Safnabúð.
- Aðrar tekjur.

Gjöld

- Húsaleiga
- Launakostnaður
- Sýningarkostnaður annað en bein þóknun til listamans
- Þóknun til listamans
- Önnur gjöld

VIÐ BORGUM MYNDLISTARMÖNNUM

STARA

Jóna Hlíf Halldórsdóttir
Ásdís spanó

TAKK FYRIR